



Europa-  
kommisjonen



© Eyrópusambandið 2024

# Upplýsingapakkans



EURÓPSK  
SAMSTÖÐUSVEIT

STERKARI SAMAN

Erasmus+

Opnar hugann, auðgar líf.

Unglingar

# Markmið upplýsingapakkans og fyrir hvern hann er

Þessum upplýsingapakka er ætlað að generalandsbundnum hagsmunaaðilum og öðrum kleift að upplýsa ungmenni um starfsemi sem getur gert þeim kleift að leggja sitt af mörkum til samfélagsins um leið og vakin er athygli á Erasmus+ Youth og Evrópsku samstöðusveitinni.

Markmið upplýsingapakkans er að:

- tryggja samræmi í samskiptum með því að bjóða aðildarlöndum upp á efni sem er tilbúið til notkunar – með því fæst árangursríkari og samræmdari stíll og tónn – og upplýsa um bæði áætlanir ESB fyrir æskulýðsmál og tækifæri fyrir virka þátttöku ungs fólks,
- vekja athygli á áherslusviðum og sérstaklega lykiláherslu áætlananna á að **stuðla að inngildingum og fjölbreytni, bregðast við umhverfissjónarmiðum og loftslagsbreytingum, stuðla að stafrænni væðingu, hvetja til þátttöku í lýðræðinu og samfélaginu og leggja áherslu á sameiginleg gildi.**

Upplýsingapakkin hefur verið þýddur yfir á öll tungumál ESB og tungumál þriðju landa sem eiga aðild að áætluninni.

Þessum upplýsingapakka er ætlað að veita upplýsingar og leiðbeiningar til að styðja við upplýsingastarf tengt Erasmus+ Youth og Evrópsku samstöðusveitarinnar og vekja athygli á því.

---

## Innihald upplýsingapakkans

Pakkin inniheldur yfirgripsmikið safn efnis sem auðvelt er að aðlaga að markmiðum áætlunarinnar og markhópnum. Þar á meðal eru:

- Lykilskilaboð
- Dagatal helstu daga á samfélagsmiðlum
- Myndefni sem má breyta
- Drög að efni fyrir Facebook, Twitter/X, Instagram
- Leiðbeiningar um að ná til markhópsins

# Lykilskilaboð

Skipuleggja og framkvæma ætti allt samfélagsmiðlastarf í samræmi við skilaboð Erasmus+ Youth og Evrópsku samstöðusveitarinnar hér að neðan og með markhópana í huga. Skilaboðin tengjast:

- Erasmus+ Youth, núverandi myndrænni ímynd þess og einkunnarorðunum „Auðgum líf, opnum huga“,
- Evrópsku samstöðusveitinni og hugmyndinni um „samstöðu“ sem núverandi myndrænni ímynd og einkunnarorðið „Sterkari saman“ standa fyrir.

Hægt er tengja öll skilaboðin við aðaláherslu áætlananna á inngildingu, umhverfið, stafræn umskipti og þátttöku í lýðræðinu. Með því að nota skilaboðin til skiptis skapast jafnvægi milli sviðanna. Sýnileiki lykilskilaboðanna getur aukist með því að velja efni á grundvelli þeirra tækifæra sem standa til boða hverju sinni og á næstunni, til dæmis í tengslum við alþjóðlega vitundarvakningardaga (sjá hér að neðan).

## Lykilskilaboð fyrir einstaklinga (ungmenn / mögulegir umsækjendur)

- Auktu hæfileika þína og reynslu
- Gefðu til baka
- Undirbúðu þig fyrir vinnumarkaðinn
- Finndu þína eigin leið
- Tækifæri til að kynnst ólíkum menningarheimum
- Opið öllum ungmennum
- Stækkaðu tengslanetið þitt
- Tækifæri til að kynnst fólki sem þú átt eitthvað sameiginlegt með
- Vertu hluti af grænu bylgjunni
- Leggðu þitt af mörkum í nærsamfélaginu
- Veittu fólki í viðkvæmri stöðu stuðning
- Sköpum samfélag með aukinni inngildingu
- Aukum þátttöku ungs fólks í samfélaginu
- Óformlegar þvermenningarlegar námsupplifanir með ungmennaskiptum



# Dagatal með helstu dögum á samfélagsmiðlum

Hér fyrir neðan er listi yfir alþjóðlega vitundarvakningardaga sem henta vel fyrir upplýsingastarf. Dagarnir uppfylla öll fjögur áherslusvið áætlana Erasmus+ Youth og Evrópsku samstöðusveitarinnar. Önnur dæmi um mikilvæg tilefni eru tilkynningar um ungmennaverkefni og upphaf mannúðarstarfs og viðburði tengda því.

Hér er dæmi um hvernig nota má alþjóðadagana til að kynna einstök verkefni undir hatti Erasmus+ Youth og Evrópsku samstöðusveitarinnar. Fylla má inn í hornklofana með heiti verkefnis. Hvert og eitt verkefni er einstakt á sinn hátt og því er textinn hér almennur til að notendur upplýsingapakks geti sniðið hann að eigin þörfum.

## Facebook

Alþjóðadagur umhverfisins er í dag!

Nú er tilvalið að hugsa um hvernig við getum verndað umhverfið og unnið gegn loftslagsbreytingum. Gerum eitthvað gott saman fyrir plánetuna 🌍♻️

👉 Vertu með í \_\_\_\_\_ [HEITI VERKEFNIS] til að leggja þitt af mörkum fyrir grænni plánetu og taka þátt í sjálfbærnivinnu með okkur! 🇪🇺

[TENGILL]

#WorldEnvironmentDay [SETJIÐ INN VIÐEIGANDI MYLLUMERKI]:

#EUSolidarityCorps eða #ErasmusPlus

## Instagram

📅 Hefur þú athugað dagatalið? Í dag er Alþjóðadagur umhverfisins!

Gríptu þetta tækifæri til að íhuga hvernig þú getur hjálpað okkur að gera plánetuna að grænni stað! 🌍♻️

Veldu kranavatn fram yfir vatn af flösku, hjólaðu eða notaðu almenningssamgöngur frekar en að keyra og veldu textílpoka fremur en plastpoka.

👉 Taktu þátt í \_\_\_\_\_ [HEITI VERKEFNIS] til að leggja þitt af mörkum til sjálfbærni og vera hluti af stórum breytingum! 🇪🇺

👁️ Farðu á tengilinn í lýsingunni okkar!

#WorldEnvironmentDay [SETJIÐ INN VIÐEIGANDI MYLLUMERKI]:

#EUSolidarityCorps eða #ErasmusPlus

## X/Twitter

Ef þú hefur ekki gert það nú þegar er #WorldEnvironmentDay fullkomin tímasetning til að taka skrefið og grípa til aðgerða fyrir grænni plánetu! 🌍

👉 Vertu með í \_\_\_\_\_ [HEITI VERKEFNIS] til að leggja þitt af mörkum fyrir grænni plánetu og taka þátt í sjálfbærnivinnu með okkur! 🇪🇺 [TENGILL]

[SETJIÐ INN VIÐEIGANDI MYLLUMERKI]: #EUSolidarityCorps eða #ErasmusPlus

## Alþjóðadagar

### Menntun og færni

- Alþjóðlegi menntadagurinn – 24. janúar
- Alþjóðadagur kvenna og stúlkna í vísindum – 11. febrúar
- Lok skólaársins – júní
- Alþjóðlegur starfsmenntadagur ungmenna – 15. júlí
- Alþjóðadagur læsis – 8. september
- Alþjóðadagur námsmanna – 17. nóvember

### Samstaða og inngilding

- Alþjóðadagur félagslegs réttlætis – 20. febrúar
- Alþjóðlegur baráttudagur kvenna – 8. mars
- Alþjóðlegi flóttamannadagurinn – 20. júní
- Alþjóðlegi mannúðardagurinn – 19. ágúst
- Alþjóðlegi góðgerðardagurinn – 5. september
- Alþjóðlegur dagur jafnra launa – 18. september
- Alþjóðadagur fólks með fötlun – 3. desember
- Alþjóðlegur dagur farandfólks – 18. desember
- Alþjóðlegur dagur samstöðu fólks – 20. desember

### Umhverfið

- Alþjóðlegur dagur vatns – 22. mars
- Dagur jarðar – 22. apríl
- Alþjóðadagur umhverfisins – 5. júní

### Æskulýðsmál

- Alþjóðlegi vináttudagurinn – 30 júlí
- Alþjóðadagur æskunnar – 12. ágúst
- Alþjóðlegi barnadagurinn – 20. nóvember

### Þátttaka í lýðræðinu

- Evrópudagurinn – 9. maí
- Alþjóðlegi lýðræðisdagurinn – 15. september
- Alþjóðlegi friðardagurinn – 21. september
- Alþjóðadagur ofbeldisleysi – 2. október
- Mannréttindadagurinn – 10. desember

### Stafrænt

- Dagur veraldarvefsins – 1. ágúst

# Myndefni Sem Má Breyta

Hér er að finna tvö sniðmát sem voru hönnuð af landsbundnum stofnunum og ungmennasamtökum í ESB.

## Photoshop-sniðmát

Nota má Photoshop-sniðmát fyrir stafrænt kynningarstarf og prentað efni til að halda samræmdri ímynd. Til dæmis er hægt að hanna sniðmát fyrir forsíður og uppsetningu, skýringarmyndir, kynningarefni (t.d. veggspjöld, borða og dreifiblöð), myndefni fyrir samfélagsmiðla og vefinn (t.d. færslur, borða og myndefni fyrir vefsíður eða netmiðla) og efni fyrir viðburði (t.d. borða).

Erasmus+ Youth	Evrópska samstöðusveitin
<ul style="list-style-type: none"><li>• Ein lagskipt 1080 x 1080 px Photoshop-skrá á 24 tungumálum ESB + sex tengdra landa</li><li>• Lógó</li><li>• Staðgengill fyrir bakgrunnsmynd (x2)</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>• Ein lagskipt 1080 x 1080 px Photoshop-skrá á 24 tungumálum ESB + fjögurra tengdra landa</li><li>• Lógó</li><li>• Staðgengill fyrir bakgrunnsmynd</li></ul>


## PowerPoint-sniðmát

PowerPoint-sniðmát eru tilvalin til að hanna myndrænt efni, þar á meðal fyrir samfélagsmiðla, til að tryggja að þeir sem ekki hafa ná fullum tókum á Photoshop geti einnig lagt sitt af mörkum. PowerPoint-sniðmát geta einnig verið inngildandi og notendavæn leið til að einfalda samskipti í ýmsu samhengi, til dæmis fyrir kynningar, skýrslur, þjálfun, fræðslu og upplýsingafundi. Með þeim er auðvelt að gefa upplýsingar um framvindu, áhrif og afrakstur verkefna.

Erasmus+ Youth	Evrópska samstöðusveitin
<ul style="list-style-type: none"><li>• Ein 1080 x 1080 px PowerPoint-skrá á 24 tungumálum ESB + sex tengdra landa</li><li>• Lógó</li><li>• Staðgengill fyrir bakgrunnsmynd</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>• Fjórar 1080 x 1080 px PowerPoint-skrár á 24 tungumálum ESB + fjögurra tengdra landa</li><li>• Lógó</li><li>• Staðgengill fyrir bakgrunnsmynd</li></ul>

Auk þess inniheldur upplýsingapakinn einstakar sniðmátseiningar sem eru tilbúnar til notkunar og má nota ásamt öðrum einingum til að halda samræmi í myndrænu útliti kynningarefnis. Notendur geta þannig notað lógó og yfirlagnir á eigin tungumáli í Canva-verkefnum sínum eins og sýnt er hér að neðan:

1. Veldu lógó þíns lands eða tungumáls sem þú vilt fella inn á myndina.
2. Taktu myndefnið frá stjórnarsviði mennta- og menningarmála sem þú vilt breyta lógóinu fyrir.
3. Fjarlægðu lógóið sem fyrir er af myndinni sem er valin.
4. Bættu völdu lógói inn á myndina sem þú vilt breyta.
5. Ljúktu ferlinu með lokaskrefinu – myndin er nú tilbúin.



Athugaðu að Erasmus+ Youth sniðmát fylgja sama ferli og sniðmát Evrópsku samstöðusveitarinnar sem lýst er hér að ofan.

# Efni fyrir samfélagsmiðla

Héraðneðan er dæmi um færslur um starfsemi Erasmus+ Youth og Evrópsku samstöðusveitarinnar. Tilbrigðin gefa mismunandi sýn á áætlanir og einstök áhersluatriði og verkefni. Opinber myllumerki fyrir þessar færslur eru #EUSolidarityCorps og #ErasmusPlus.

## Erasmus+ Youth

Taflan hér að neðan inniheldur almenn dæmi sem kynna inngildandi þætti áætlunarinnar. Hún sýnir einnig hvernig miðla má fjölmenningslegri reynslu, auka vitund og vekja athygli á tækifærum erlendis fyrir yngri markhóp.

Miðill	Dæmi
<b>Facebook</b>	<p>👋 Ef þér finnst gaman að hitta nýtt fólk, kynnast annarri menningu og styðja nærsamfélög er þetta eitthvað fyrir þig! 🌍</p> <p>#ErasmusPlus ungmennaskiptiverkefni eru frábært tækifæri til að:</p> <ul style="list-style-type: none"><li>💠 vaxa sem einstaklingur,</li><li>💠 kynnast fólki sem á margt sameiginlegt með þér,</li><li>💠 bæta sig í samskiptum við aðra.</li></ul> <p>_____ (Nafn samtaka) stendur fyrir _____ (nafn/tegund verkefnis/viðburðar), sem getur hjálpað þér að ná markmiðum þínum! 🕒</p> <p>Byrjaðu ævintýrið í dag: [TENGILL]</p>
<b>Instagram</b>	<p>Vilt þú:</p> <ul style="list-style-type: none"><li>🚀 auka sjálfstraust þitt og verða sjálfstæðari,</li><li>💡 öðlast nýja færni og undirbúa þig fyrir vinnumarkaðinn,</li><li>🌸 ögra þér og stíga út fyrir þægindarammann?</li></ul> <p>Segðu „Já!“ við upplifun sem breytir lífi þínu.</p> <p>Búðu þig undir að hafa áhrif með #ErasmusPlus Youth. 📍 Farðu á tengilinn í lýsingunni okkar!</p>
<b>X/Twitter</b>	<p>Trúir þú á:</p> <ul style="list-style-type: none"><li>🗨️ að láta rödd þína heyrast,</li><li>👏 að fagna fjölmeningunni,</li><li>📺 að hrekja staðalmyndir kynjanna,</li><li>♻️🌱 að tileinka þér umhverfsvænar venjur?</li></ul> <p>Þá er #ErasmusPlus Youth fullkomið fyrir þig! Taktu þátt í dag: [TENGILL]</p>



## Evrópska samstöðusveitin

Taflan hér fyrir neðan sýnir mismunandi starfsemi Evrópsku samstöðusveitarinnar og kosti hennar. Auk þess sýnir hún þau gildi sem áætlunin og verkefni hennar halda á lofti, sérstaklega tækifæri einstaklinga til að vaxa og þróa hæfileika sína.

Miðill	Dæmi
<b>Facebook</b>	<p>Hvað þýðir það að vera góðhjartaður? 🌍🚀</p> <p>Evrópska samstöðusveitin opnar dyr að tækifærum á ýmsum sviðum, sem hvert býður einstök tækifæri til að gefa til baka til samfélagsins. Þar á meðal er:</p> <ul style="list-style-type: none"><li>👥 að vaxa saman með skapandi vinnustofum,</li><li>📖 að gefa öllum tækifæri til menntunar, einnig minnihlutahópum,</li><li>🌱 að huga að umhverfinu,</li><li>👉 að valdefla annað fólk og láta því finnast það metið af verðleikum með því að skipuleggja verkefni sem allir hafa aðgang að.</li></ul> <p>Uppgötvaðu hvernig þú getur haft jákvæð áhrif á meðan þú þróar hæfileika þína. Ferðalagið hefst hér: [TENGILL] #EUSolidarityCorps</p>
<b>Instagram</b>	<p>#EUSolidarityCorps er meira en sjálfbóðaáætlun – hún er tækifæri til að:</p> <ul style="list-style-type: none"><li>😊 styðja fólk í neyð,</li><li>🌍 víkka sjóndeildarhringinn,</li><li>🏠 kynna nýju fólk í nærsamfélaginu,</li><li>👊 hafa jákvæð áhrif á heiminn á þinn eigin smáa hátt!</li></ul> <p>Vertu klár í að skapa langvarandi tengsl og samfélag með aukinni inngildingunni. Þú færð frekari upplýsingar með því að fylgja tenglinum í lýsingunni okkar. 👉</p>
<b>X/Twitter</b>	<p>🔗 Ertu klár í að skapa sjálfbærari framtíð?</p> <p>#EUSolidarityCorps býður upp á umhverfisverkefni til að þú getir aukið sjálfbærni þína og sagt öðru fólk hvernig það getur hjálpað! Það þurfa allir að hugsa um plánetuna okkar.</p> <p>🌱 Finndu þér grænt verkefni: [TENGILL]</p>

**Athugasemd um Instagram:** Mikilvægt er að hafa í huga að Instagram styður ekki tengla til að smella á í texta með færslum. Til að komast hjá þessari takmörkun má benda fylgjendum á að smella á tengil í lýsingu notandans („bio“). Með þessari leið er hægt að nýta kosti Instagram um leið og tryggt er að lesendur geti nálgast upplýsingamar sem verið er að deila. Instagram býður einnig upp á eiginleika sem gerir kleift að deila tenglum beint í Instagram-sögum („stories“). Það er gert með því að setja inn límmiða með tengli. Þetta er önnur áhrifarík leið til að gefa lesendum aðgang að ytra efni beint í gegnum Instagram-sögur.

# Leiðbeiningar um að ná til markhópsins

Til að eiga áhrifarík samskipti við ungt fólk á aldrinum 16–35 ára er lykilatriði að skilja áhugamál og venjur þess. Hér eru nokkur ráð:

- **Sýnið einlægni:** leggið áherslu á gildi sjálfboðaliða til að tengjast fólki og leggið eitthvað af mörkum í samfélögum til að skapa raunveruleg tengsl.
- **Fylgist með straumum og stefnum:** sýnið lipurð í tungutaki ungs fólks og vísið til þess sem er efst á baugi til að ungt eigi auðveldara með að tengja við.
- **Semjið áhrifaríkar frásagnir:** deilið raunverulegum frásögnum sem hægt er að tengja við (svo sem frásögnum fyrri þátttakenda) sem vekja tilfinningar til að efla tengslin við fylgjendur.
- **Skapið umræður:** hvetjið lesendur til að tjá sig til að skapa umræður á netinu.
- **Notið efni frá notendum:** sýnið einlægni með efni frá notendum, að fengnu leyfi og í samræmi við reglur almennu persónuverndarreglugerðarinnar.
- **Notið myndvinnslutól:** bætið efni á skapandi hátt með því að nota myndvinnslutól á netinu (t.d. með því að gera kyrrmyndir að hreyfimyndum).
- **Takið virkan þátt:** bregðist skjótt við athugasemdum, skilaboðum og spurningum til að skapa gagnvirkt og lifandi samfélag á netinu.
- **Samræmi skiptir máli:** birtið reglulega viðeigandi og upplýsandi efni til að halda athygli markhópsins og efla ímyndina á netinu.
- **Tryggið læsileika:** notið stuttar málsgreinar, punkta og emoji-tákn til að auka læsileika.
- **Myndrænt útlit er mikilvægt:** vandað myndefni og myndbönd auka virkni notenda og skapa einlæga og aðlaðandi ímynd á netinu.
- **Notið myllumerki:** aukið sýnileika efnis með viðeigandi myllumerkjum sem auka dreifingu þess og byggja upp samfélag (til dæmis má byrja á því að kanna ókeypis vefsvæði sem rekja og uppfæra vinsæl myllumerki, t.d. [Influencer Marketing Hub](#), [Best-Hashtags.com](#), [For Display Purposes Only](#), [Hootsuite](#), [Hubspot](#))
- **Ákall um aðgerð:** skilgreinið ákveðin markmið fyrir hverja færslu um að hvetja notendur til að grípa til aðgerðar til að auka virkni.

